

inu, skal hin skattfrjálsa vinna, sem unnin var innan 5 ára fyrir söludag, talin til skattskyldra tekna á því ári, sem sala fer fram, án tillits til þess, hvort keypt eða byggð er önnur íbúð í staðinn eða ekki. Undanþágúkvæði í 1. tl. 15. gr. um skattfrjálsa sölu fasteigna, ef önnur fasteign er keypt eða byggð í staðinn, ná því ekki til skattfrjálsrar vinnu við eigin íbúð.

Nú óskar gjaldandi eftir því, að sú skattfrjálsa vinna, sem hann fær endurgreidda í söluverði skv. framansögðu, verði ekki skattlögð á söluárinu, heldur verði hún skattlögð á þeim skattárum, þegar hún var lögð fram, og má þá um reikna skattinn fyrir þau ár, enda hafi gjaldandi gert fullnægjandi grein fyrir þessari vinnu á framtölum sínum fyrir viðkomandi skattár.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 90 7. október 1965, öðlast gildi þegar í stað og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1968.

Fjármálaráðuneytið, 12. marz 1969.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

**fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 20. flokki banka-
vaxtabréfa samkvæmt lögum nr. 73 frá 22. maí 1965.**

1. gr.

Samkvæmt 1. gr. laganna er Veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út banka-vaxtabréf, allt að 100 milljónum króna. Vaxtabréfin skiptast í flokka og er 19. flokkur þeirra sá, sem fyrst kemur til framkvæmda. Samanlögð fjárhæð banka-vaxtabréfa í þessum flokki má ekki fara fram úr 30 milljónum króna.

Heimilt er með samþykki ráðherra, að hafa fleiri en einn flokk með mismundandi vöxtum starfandi í senn. Ráðherra ákveður að höfðu samráði við Seðla-banka Íslands, hvenær flokknum skuli lokið.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf til handhafa, (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Fjármálaráðherra og bankastjórn Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglugerð þessari. Fjárhæð þeirra skal vera 5000.00 og 10 000.00 krónur og skal hvert vaxtabréf vera tölusett og skulu bréfin samin eftir fyrirmynd, sem stjórn Landsbankans ákveður. Ásamt bankavaxtabréfunum skal afhenda vaxtamiða til 25 ára minnst. Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygg-
ing fyrir vaxtabréfum flokksins vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg (solidarísk) ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10% (sbr. 8. gr. laganna).
3. Einföld ábyrgð rikissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna 1.—3., skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Vextir af bankavaxtabréfum greiðast einu sinni á ári, 2. janúar gegn afhendingu vaxtamiðans. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjalddaga skulu innleystir í veðdeild Landsbankans. Stjórn veðdeildarinnar ákveður vextina og mega vextir af bankavaxtabréfum þessum aldrei vera hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum.

6. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum, húseignum eða einstökum íbúðum með lóðarréttindum. Getur veðdeildin krafizt frumrita eða staðfesta afrita af þeim samningum, sem liggja til grundvallar viðkomandi lóðarréttindum. Veðið skal váttryggt í váttryggingastofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr $\frac{3}{4}$ af virðingarverði fasteignarinnar. Þegar veðdeildin tekur jarðir að veði, skal virða hús sér og jörðina sér í lagi, svo og skal virða allar húseignir sérstaklega, ef taka á veð í fasteigninni.

7. gr.

Eignir þær, er veðdeildarflokkurinn tekur að veði, skulu tveir óvilhallir menn virða á kostnað lántaka. Skulu þeir vera dómkvaddir eða tilnefndir af hlutaðeigandi lögreglustjóra og hafa nauðsynlega þekkingu til að bera. Þá getur veðdeildin, þegar henni eftir atvikum finnst ástæða til þess, sjálf nefnt til menn þá, er virða skulu. Enn fremur getur hún krafizt þess, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er í hlut á, samþykki virðinguna. Eignir skal meta til þess verðs, sem þær eftir beztu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og sölu, þó aldrei hærri en áætla má, að raunverulegur byggingarkostnaður þeirra hafi verið, og skal virða þær með þeim kvöðum, er á þeim hvíla, hvort heldur eru skattar eða afgjöld. Í virðingargerðunum skal eignum ítarlega og greinilega lýst. Sé það jarðeign, skal tilgreina dýrleika hennar, hve mörg kúgildi henni fylgi, upphæð afgjaldsins, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni kunna að hvíla. Enn fremur skal taka fram allt það, er lýtur að ásigkomulagi jarðarinnar í heild sinni og ræktunarástandi hennar, hvernig viðhaldi bygginga á jörðinni sé varið og önnur sérstök atvik, er hljóta að hafa áhrif á verðmæti jarðarinnar, svo sem, hvort hún liggur undir skemmdum af vatnagangi, sjávangangi, skriðum, sandfoki o. fl. Þegar virtar eru húseignir, skal nákvæmlega lýsa hverri einstakri byggingu, tilgreina stærð hennar, hve mörg herbergi í henni eru, telja til allt múr- og naglfast, er henni fylgir, svo sem: ofna, járneldstór, o. fl., efni það, er byggingarnar eru byggðar úr og að svo miklu leyti sem unnt er, gæði þess og enn fremur aldur bygginganna og viðhald. Að lokum skal í virðingargerðinni tekið fram, hve stór sú lóð sé, er húseigninni fylgir, og hvernig ásigkomulag hennar sé. — Hafi eignin gengið kaupum og sölum, skal kaupverðs hennar getið. Lántakandi skal að minnsta kosti á 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skirteini, sem bankastjórnin tekur gilt, fyrir því að veðið hafi ekki rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hættu búin. Láti

lántakandi farast fyrir að senda veðdeildinni þetta skírteini, má hún láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fara fram á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarflokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar, en til hennar má taka, hvenær sem varasjóður flokksins nægir eigi til að standast áfallið tap. Áður en gripið er til ríkissjóðsábyrgðarinnar, skal jafna niður á alla lántakendur veðdeildarflokksins aukagjaldi til varasjóðs, svo sem þörf er á, allt að 10% til að bæta skaðann. Niðurjöfnun á aukagjaldi þessu skal vera í hlutfalli við upphæð lánanna. Eftir ákvörðun stjórnar Landsbankans má skipta greiðslu þessari niður á fleiri en eitt ár. — Verði þörf á að grípa til ábyrgðarinnar til að fullnægja skuldbindingum veðdeildarflokksins, skal endurborga það án vaxta, þegar hagar flokksins leyfir það.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán, sem veðdeildarflokkurinn veitir, skal vera tíu þús. krónur og skulu lánin jafnan standa á hálfum tug þúsunda. Láns-tíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign, vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir nafnverði þeirra. Semja má um sölu bankavaxtabréfa flokksins fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherra söluverðið.

11. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr veðdeildarflokknum verða þeir að fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

- a. Útvega virðingargerð samkvæmt því, sem segir í 7. gr.
- b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðmálabókum um, hvort nokkur veðskuld eða önnur eignabönd hvíla á eigninni og hver þau séu, svo það sjáist, að þau séu eigi því til fyrirstöðu, að eignin geti orðið veðsett veðdeildinni með 1. veðrétti.
- c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eigninni, eða sé það eigi unnt, þá vottorð hans um, að eignin sé vitanleg eign hans.

12. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsfjárhæðinni í varasjóð flokksins, um leið og hann tekur lánið. Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin, og skal hann sanna eignarrétt sinn með veðbókarvottorði eða þinglýstu afsali. Slík lánsyfirtaka er ekki stimpilskyld.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undirgengið. — Bankastjórninni er heimilt að telja eftirstöðvar láns komnar í gjalddaga undir eins, án uppsagnar, ef eigi er fullnægt einhverju atriði lánskilmálanna, svo sem:

- a. Ef ákvæðisgjöld verða eigi greidd á réttum gjalddaga.
- b. Ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal.

- c. Ef skuldunautur heldur ekki vátryggðum húseignum, sem að veði eru og talin eru með í matinu.
- d. Ef á veðið falla eftirstöðvar af sköttum eða afgangi, er ganga fyrir kröfum veðeildarinnar.
- e. Ef nýr kaupandi vanrækir að taka að sér lán veðeildarinnar.

14. gr.

Skuldunautar veðeildarinnar skulu 1. til 14. okt. ár hvert greiða vexti, afborganir og tillög til rekstrarkostnaðar við flokkinn og til varasjóðs í einu lagi með föstu árgjaldi. Árlegt tillag til að greiða rekstrarkostnað flokksins og til varasjóðs er $\frac{1}{2}\%$ á ári af eftirstöðvum lánsins, eins og þær voru fyrir hvern gjalddaga. —Lántakendur mega á gjalddaga lánanna, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af lánum sínum, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurgreiða lánin að fullu. Endurgreiðslur þessar mega þeir greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokka með nafnverði þeirra. Á öðrum tíma árs má greiða lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins að það sé veðeildarflokki að skaðlausu.

15. gr.

Sérhver skuldunautur, sem eigi hefur greitt árleg gjöld sín á réttum gjalddaga, skal greiða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem reiknast 1% á mánuði eða brot úr mánuði af gjaldfallinni greiðslu, hafi greiðsla dregist lengur en 15 daga frá gjalddaga. Þó skulu dráttarvextirnir aldrei vera hærri en Seðlabankinn ákveður þá hæsta fyrir sambærilegar skuldir.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa bankavaxtabréf þau, er veðeildarflokkurinn hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Sérhverja auglýsingu skal birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið greiddan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu þeir eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga. Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðeildarflokksins.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðeildarinnar og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu fjárhæð og það, sem glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa

verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. Um ógildingu annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið samkvæmt útdrætti eða sem auka-afborganir af lánum, skal jafnóðum ógilda ásamt vaxtamiðum þeirra og stofnum og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu veðdeildarinnar og skal síðan við lok næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda bankans, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið á árinu.

21. gr.

Vaxtamiðar og bankavaxtabréf, sem gjaldfallin eru, greiðast í skrifstofu veðdeildarinnar í Reykjavík.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 95 frá 1947, um lögræði, og lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 frá 1949, eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin hefur ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði, að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarflokksins, en þó eigi á hærra verði en skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum veðdeildarflokksins, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins samkvæmt lögum nr. 73/1965, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti rétttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum bankans.

26. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 73/1965 um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, tekur þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 13. marz 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.